



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



OTTENSAMER CANELLAKIS



26. OKTÓBER 2017

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Áætluð tímalengd:

Draumur á Jónsmessunótt, forleikur: 12'

Klarínettkonsert: 21'

Berceuse: 3'

Ungverskur dans: 2'

Sinfónía: 45'

Andreas Ottensamer áritar geisladiska sína í hléi fyrir framan Eldborg á 2. hæð.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



FIN 26 ^{OKT} 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

OTTENSAMER OG CANELLAKIS

Karina Canellakis
hljómsveitarstjóri

Andreas Ottensamer
einleikari

EFNISSKRÁ

Felix Mendelssohn

Draumur á Jónsmessunótt, forleikur (1826)

Carl Stamitz

Klarínettconsert nr. 7 í Es-dúr (1771-76)

Allegro molto

Adagio

Rondo

Amy Beach

Berceuse (1897)

Johannes Brahms

Ungverskur dans nr. 7 (1869)

Hlé

Johannes Brahms

Sinfónía nr. 2 í D-dúr, op. 73 (1877)

Allegro non troppo

Adagio non troppo

Allegretto grazioso quasi andantino

Allegro con spirito

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



[@kcanellakis](#)

KARINA CANELLAKIS

HLJÓMSVEITARSTJÓRI


Karina Canellakis er ein skærsta stjarnan meðal ungra hljómveitarstjóra í dag. Hún hefur átt mikilli velgengi að fagna undanfarin misseri. Árið 2016 hlaut hún hin virtu Georg Solti-verðlaun og komst í heimsfréttirnar árið 2014 þegar hún hljóp í skarðið fyrir Jaap van Zweden með nær engum fyrirvara og stjórnaði tónleikum Sinfóníuhljómveitarinnar í Dallas með miklum glæsibrag.

Canellakis er fædd og uppalin í New York, hún hefur lokið tónlistarnámi bæði frá Curtis-tónlistarháskólanum í Filadelfíu, þar sem hún lærði á fiðlu, og frá Juilliard-tónlistarháskólanum í New York þar sem hún stundaði nám í hljómveitarstjórn. Sem fiðluleikari spilaði Canellakis með ýmsum bandarískum hljómveitum og var um tíma gestakonsertmeistari Fílharmóníuhljómveitarinnar í Bergen auk þess sem hún kom reglulega fram á sumartónlistarhátíðinni Marlboro Music Festival. Um tveggja ára skeið starfaði Canellakis í Hljómveitarakademíu Berlínarfilharmóníunnar, akademían er starfrækt fyrir ungt framúrskarandi tónlistarfólk sem fær þjálfun í hljómveitarspili. Þar lék hún iðulega undir stjórn Simons Rattle, sem skynjaði hæfileika hennar og hvatti hana til að snúa sér að hljómveitarstjórn. Fyrstu formlegu tónleikarnir sem hún stjórnaði voru í Graz í Austurríki árið 2015, þá stjórnaði hún Kammersveit Evrópu.

Eftir það hefur leiðin sannarlega legið upp á við hjá Canellakis og hún haft í nógu að snúast. Í september síðastliðnum stjórnaði hún Sinfóníuhljómveit breska útvarpsins BBC á Proms-tónleikum í London og nýlega stjórnaði hún *Töfraflautu* Mozarts í Óperuhúsinu í Zürich. Á síðasta starfsári debúteraði hún m.a. með hljómveitunum í Los Angeles, Birmingham, Lyon og Toronto, hún stjórnaði frumflutningi á óperunni *The Loser* eftir David Lang í tónlistarakadéminni í Brooklyn og stjórnaði sviðsuppfærslu á Sálumessu Verdis við óperuna í Zürich.

Frá Íslandi liggur leið Canellakis til Milwaukee í Wisconsin í Bandaríkjunum, þar sem á efnisskrá hljómveitarinnar sem hún stjórnar er m.a. tónlist eftir Nico Muhly, sem Íslendingum er að góðu kunnur.



 @A_Ottensamer

ANDREAS OTTENSAMER

EINLEIKARI

Hinn austurríski Andreas Ottensamer er af mikilli tónlistarætt og hóf snemma tónlistarnám, fyrst á píanó, síðar á selló og enn síðar skipti hann alfarið yfir í klarínettið. Klarínettið má segja að sé fjölskylduhljóðfæri Ottensamer-ættarinnar. Faðir hans lék á klarínett með Fílharmóníusveitinni í Vín þar sem bróðir hann starfar sem klarínettleikari í dag.

Andres Ottensamer lék um tíma með hljómsveit Ríkisóperunnar í Vín og með Fílharmóníusveit borgarinnar, auk þess að leika með Gustav Mahler-ungmennahljómsveitinni. Árið 2009 hóf hann að leika með Hljómsveitarakademíu Fílharmóníusveitarinnar í Berlín, sem starfrækt er fyrir ungt framúrskarandi tónlistarfólk, nú er Ottensamer fyrsti klarínettleikari Fílharmóníusveitarinnar sjálfur.

Ottensamer hefur unnið til verðlauna í ýmsum tónlistarkeppnum, hann kemur fram sem einleikari með hljómsveitum víða um heim, svo sem Fílharmóníusveitunum í Berlín, Vín, Rotterdam og Bremen. Hann hefur unnið með stjórnendum á borð við Simon Rattle, Yannick Nézet-Séguin, Andris Nelsons og Pablo Heras Casado. Ottensamer er einnig áhugasamur kammarmúsikant og hefur starfað á þeim vettvangi með Murray Perahia, Leif Ove Andsnes, Leonidas Kavakos og Yo-Yo Ma. Hann er listrænn stjórnandi Búrgenstock-tónlistarháttíðarinnar í Sviss, ásamt píanóleikaranum José Gallardo.

Í febrúar 2015 gerði Ottensamer samning við útgáfufyrirtækið þekkt Deutsche Grammophon, fyrstur einleikara á klarínett til að gera slíkan samning. Hann hefur gefið út fjóra geisladiska hjá fyrirtækinu. Fyrir geisladiskinn *Brahms – The Hungarian Connection* hlaut Ottensamer Echo-Classic-verðlaunin sem einleikari ársins árið 2015. Ári síðar gaf hann út geisladisk með föður sínum og bróður, en klarínetttrío sitt nefndu þeir The Clarinotts. Nýjasti geisladiskur Ottensamer kom út hjá Decca-útgáfunni, þar er m.a. að finna hljóðritun á Stamitz-konsertinum sem hljómar á tónleikunum í kvöld.



FELIX MENDELSSOHN

DRAUMUR Á JÓNSMESSUNÓTT, FORLEIKUR

Tréblásarar hljómsveitarinnar spila fjóra hljóma og áheyrendur eru umsvifalaust hrifnir inn í ævintýraheim. Fiðlurnar iða og tifa, eins og næfurþunnir álfavængir. Tónskáldið er sagt hafa setið úti í garði og hlustað á haustlauf þyrlast í vindi, þaðan kom hugmyndin að blábyrjun forleiksins að *Draumum á Jónsmessunótt* eftir Þjóðverjann Felix Mendelssohn (1809-1947).

Mendelssohn var aðeins sautján ára 1826 þegar hann samdi forleikinn, sem ber tónlistargáfum hans og hrifnæmi ótvírætt vitni. Hann hafði nýlokið við að lesa þýska þýðingu Schlegels og Tiecks á leikriti Shakespeares og innblásinn af anda leikritsins samdi hann konsertforleik sem svo var kallaður og ber ópusnúmerið 21. Með konsertforleiknum lagði Mendelssohn drög að nýju tónlistarformi, því forleikurinn er ekki kynning á því sem koma skal í stærra verki, heldur er í honum fólgið allt leikritið. Síðar á 19. öldinni komu fram á sjónarsviðið slík tónverk þar sem bókmenntir og tónlist tengdust, í tónaljóðunum svokölluðu, sem hafa notið mikilla vinsælda.

Konsertforleikinn samdi Mendelssohn fyrir tvö píanó og æfði með systur sinni Fanny, sem var ekki síður hæfileikarík þegar kom að tónsmíðum og píanóleik, þótt ekki hafi hún fengið að blómstra til jafns við bróður sinn. Hljómsveitargerð verksins var frumflutt á tónleikum árið 1827 í Stettin sem þá tilheyrði Prússlandi. Mendelssohn lék að auki einleik á þeim tónleikunum í píanókonserti eftir Weber og eftir hlé gekk hann til liðs við fiðludeild hljómsveitarinnar og lék með í 9. sinfóníu Beethovens.

Árið 1842 samdi Mendelssohn leikhústónlist við *Draum á Jónsmessunótt*, að ósk þáverandi vinnuveitanda síns, Friðriks fjórða Prússakonungs. Í leikhústónlistinni sem ber ópusnúmerið 61 eru fjórtán þættir, en tónskáldið lét kvöldið í leikhúsinu hefjast á konsertforleiknum sem hann átti í handraðanum, þar sem í tónlistinni má greina stríðna álfa, villuráfandi elskendur, hrínandi asna og veiðihorn í dimmum skógi, svo fátt eitt sé nefnt. Og með fjórum blásarahljómum í lokin lokast svo hliðið að ævintýraheiminum.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Hugsanlega hefur leikhústónlist Mendelssohns við *Draum á Jónsmessunótt* fyrst hljómað á Íslandi árið 1936, en þá var sýnd í Nýja bíói kvikmynd eftir Max Reinhardt sem byggði á leikriti Shakespeares (með James Cagney og Olivia de Havilland í aðalhlutverkum) og var tónlist Mendelssohns notuð í myndinni. Í auglýsingu í blöðum stóð: „Æfintýraljóma hins ódauðlega leikrits hefir snillingnum Max Reinhardt tekist fullkomlega að láta njóta sín í kvikmyndinni, svo áhorfandinn mun töfraður fylgjast með undrabiðburðum Jónsmessunæturinnar.“ Sinfóníuhljómsveitin lék forleikinn fyrst árið 1959 undir stjórn Páls P. Pálssonar, en árið 2004 flutti hún leikhústónlist Mendelssohns í heild undir stjórn Bernharðs Wilkinsonar.



CARL STAMITZ

KLARINETTKONSERT NR. 7 Í ES-DÚR

Framgangur tónlistarinnar hefur stundum oltið á áhrifamiklum einstaklingum sem hafa haft ánægju af og áhuga á tónlist. Við hirðina í bænum Mannheim, á bökkum Rínarfljóts í Suður-Þýskalandi, starfaði á 18. öld öflug og óvenju fjölmenn hljómssveit, sem hélt tónleika tvisvar í viku. Kjörfurstinn Karl Theodór sem þar ríkti var einlægur tónlistarunnandi. Hróður hljómssveitarinnar barst víða, fólk gerði sér ferð til bæjarins til að hlýða á dýrðina, þeirra á meðal var Mozart. Blásturshljóðfærum var gert hátt undir höfði í hljómssveitinni, meðal nýjunga var klarínettið, sem öðlaðist fastan sess í tónlistarlífinu í Mannheim. Á hljóðfærinu höfðu verið gerðar talsverðar breytingar á sjöunda áratug áttjándu aldar, tóninn var orðinn liprari og sveigjanlegri og bauð upp á ýmsa áður óþekkta möguleika.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómssveit Íslands hefur aðeins einu sinni áður flutt konsert eftir Carl Stamitz, það var árið 1977 í Háskólabíói, þegar Manuela Wiesler lék flautukonsert eftir hann, stjórnandi var Páll Pampichler Pálsson. Níttján árum fyrr stjórnaði Páll Hljómssveit Reykjavíkur þegar Hans Ploder lék einleik í fagottkonserti Carls Stamitz.

Tónskáldið Johann Stamitz sem var af tékkneskum ættum samdi fjölda sinfónía fyrir hljómssveitina í Mannheim og varð stjórnandi hennar. Sonur hans Carl Stamitz (1745-1801) lærði fiðluleik af föður sínum og spilaði í hirðhljómssveitinni en hóf síðar feril sem einleikari og hélt tónleika í evrópskum borgum svo sem Vín, París, London, Amsterdam og Pétursborg auk fjölda þýskra borga. Carl Stamitz var líka tónskáld eins og faðir hans, hann samdi sinfóníur, konserta og kammarmúsík í anda samtímamanna sinna á borð við Mozart og Haydn. Um 1770 kynntist Stamitz klarínettleikaranum Johann Joseph Beer og samstarf þeirra átti eftir að verða gjöfult, en Stamitz samdi átta klarínettekonserta á tímabilinu 1771-1776 meðan báðir bjuggu í París, það eru meðal fyrstu einleikskonsertanna sem samdir voru fyrir hljóðfærið.

Á aðfangadag árið 1771 hljómaði klarínettekonsert í fyrsta sinn á tónleikum í París, sá var eftir Carl Stamitz, hugsanlega var það konsert nr. 7 í Es-dúr. Tónmál Stamitz þykir fela í sér fagaðar melódíur, þaulhugsaða byggingu og ríkulega notkun á möguleikum hljómssveitarinnar, þá er einleikshlutverkið í konsertinum krefjandi en veitir einleikaranum tækifæri til að glansa.



AMY BEACH

BERCEUSE


„Svei mér þá, þú ert bara einn af okkur strákuðum!“
Svo hljóðaði mesta viðurkenning sem félagi hinnar bandarísku Amy Beach (1867-1944) í tónskáldastétt gat gefið henni, eftir frumflutning *Gelísku sínfóníu* hennar í Boston árið 1896.

Í ár er þess minnst að 150 ár eru liðin frá fæðingu Beach, sem var fyrsta konan sem fékk flutta eftir sig sínfóníu í Bandaríkjunum og telst til frumkvöðla í tónsköpun kvenna þar í landi. Það gekk þó ekki þrautalaust að fá að helga sig tónlist, sem hún hafði bæði hæfileika og köllun til að gera. Í fyrstu var móðir hennar treg til að leyfa hæfileikum hennar að njóta sín, þó að hún hafi samið sitt fyrsta lag við píanóið fjögurra ára. Beach fékk að lokum að fara í píanótíma og hún kom fyrst fram á tónleikum sextán ára. Tveimur árum síðar giftist hún sér 24 árum eldri manni í Boston sem krafðist þess að hún helgaði sig heimilinu, hún mátti ekki kenna á píanó og ekki koma fram sem píanóleikari nema einu sinni á ári, í góðgerðarskyni. Tónlistarþráin var þó söm við sig og Amy Beach fékk náðarsamlegast að semja tónlist undir nafninu frú H. H. A. Beach. Eiginmaður hennar samþykkti þó ekki að hún sækti tíma í tónsmíðum eða fengi kennara heim, því var hún að mestu leyti sjálfærð í faginu. Eftir lát eiginmannsins hóf hún að spila opinberlega á ný, bjó um tíma og starfaði í Evrópu, studdi við ung bandarísk kventónskáld og skipulagði tónlistarnám fyrir skólabörn.

Tónsmíðar Amy Beach eru flestar í rómantískum stíl, hún samdi fjölda sönglaga, kórverk, kammerverk, nokkrar sínfóníur og messu. *Berceuse* er einn þriggja hluta verksins *Þrjár tónsmíðar fyrir fiðlu og píanó* frá 1898, einkar ljúft og rómantískt lag, sem hér er leikið á klarínnett. Hljómur þess þykir mörgum svipa til mannsraddarinnar, en franska orðið *berceuse* merkir vögguvísa.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Á svokölluðum Kvenna-
tónleikum Sínfóníuhljómsveitar
Íslands 11. október 2015
Hljómaði verk eftir Amy
Beach í fyrsta sinn í flutningi
hljómsveitarinnar. Þá lék
Hljómsveitin verk sem er tals-
vert stærra í sniðum en það
sem hljómar í kvöld, eða *Gelísku*
sínfóníuna, undir stjórn Ligu
Amadio.



JOHANNES BRAHMS

UNGVERSKUR DANS NR. 7

Ungverskir dansar þýska tónskáldsins Johannesar Brahms (1833-1897) eru meðal vinsælustu verka hans, um er að ræða safn af dönsum, 21 talsins, sem komu út í tveimur kippum, annars vegar 1869 og hins vegar 1880. Dansarnir eru samdi fyrir tvo píanóleikara sem leika fjórhent, Brahms samdi þá samhlíða því að vinna að öllu alvarlegri verkum, dansarnir gætu hafa verið honum ákveðin hvíld frá smíði þeirra.

Á 19. öld naut ungversk tónlist talsverðrar hylli í Evrópu, ekki síst ef hún var krydduð áhrifum frá tónlist Rómabólks eða sígauna, þar sem tilfinningunum var gefinn laus taumur. Brahms hafði kynni af slíkri tónlist frá fyrstu hendi, en á árunum kringum 1850 var hann meðleikari ungversks fiðlusnillings, Eduards Reményi að nafni, en sá lauk gjarnan tónleikum með því að spinna kringum þjóðleg stef frá heimaslóðum sínum.

Brahms bjó að kynnunum við ungversku tónlistina alla tíð og heyra má áhrif hennar í mörgum verka hans. Sumir ungversku dansanna eru þjóðlög, aðrir eru tónsmíðar samdar í þjóðlegum stíl, ýmist eftir Brahms sjálfan eða ungversk tónskáld. Síðar voru dansarnir útsettir af ýmsum tónlistarmönnum, ýmist fyrir hljómsveit eða smærri hljóðfærahópa. Ungverskur dans nr. 7 er úr fyrri dansasýrpunni frá 1869, hann byrjar í líflegum takti sem færir síðan í aukana og lýkur í miklu fjöri.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Ungverskir dansar eftir Brahms eru reglulega á efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sjaldnast þó í heild, frekar einn og einn dans, sem stemningsverk á tónleikum þar sem léttleiki ræður ríkjum. Í september 2016 voru tónleikarnir Klassíkin okkar í beinni útsendingu í sjónvarpi úr Eldborgarsal Hörpu, þar hljómuðu verk sem almenningi hafði gefist færi á að kjósa og hafa þannig áhrif á efnisskrá hljómsveitarinnar. Einn af ungversku dönsunum úr smíðju Brahms var þar á meðal, sem sýnir að enn njóta þeir mikilla vinsælda.



JOHANNES BRAHMS

SINFÓNÍA NR. 2 Í D-DÚR ÓPUS 73

Að semja sífóníu á síðari hluta 19. aldar var enginn hægðarleikur, einkum ef tónskáld báru sig saman við Beethoven, sem á þeim tíma var talinn fremstur meðal jafningja í tókum á sífónísku formi, og telst kannski enn. Johannes Brahms (1833-1897) vildi svo gjarnan fylgja í fótspor hans, en framan af veittist honum það þrautin þyngri og barmaði sér yfir því að heyra stöðugt „óminn af fótataki risans“ að baki sér.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sífóníuhljómsveit Íslands flytur nú sífóníu nr. 2 eftir Brahms í tuttugasta sinn. Fyrst hljómaði hún í Þjóðleikhúsinu 1951, þegar Róbert A. Ottósson hélt um tónsprotann, en síðast var hún flutt í Eldborg árið 2015, undir stjórn Vladimirs Ashkenazy, sem stjórnaði hljómsveitinni í öllum fjórum sífóníum Brahms á árunum 2014-2017.

Það tók Brahms mörg ár að ljúka við fyrstu sífóníu sína, en þá var líkt og losnaði um klakabönd, því sífónía hans nr. 2 leit dagsins ljós aðeins einu ári síðar, árið 1877. Tæplega hefur spillt fyrir að á samningstímanum dvaldi hann á sumarvalarstað í Austurríki, Pörschach, litlu þorpi við stöðuvatn, umkringdur fagurri náttúru. Enda sagði vinur hans, sem fékk sendar nótur að sífóníunni um upplifun sína af verkinu: „Hér er ekkert nema blár himinn, lækjarniður, sólskin og græn forsæla!“ Umhverfið hafði greinilega örvandi áhrif á tónskáldið, því ári síðar dvaldi hann á sömu slóðum og samdi þá hinn fræga fiðlukonsert sinn, sem einnig er í D-dúr. Brahms skrifaði í bréfi til vinar síns að á þessum slóðum væru: „...svo margar laglínur flögrandi um að maður verður að vara sig á því að stíga ekki á þær.“

Það má til sanns vegar færa að sveitasælustemning ríkir í upphafi sífóníu nr. 2, en síðan dregur ský fyrir sólu um hríð, drungalegir hljómar taka við. Ef grannt er lagt við hlustir má í fyrsta kaflanum heyra enduróm af frægri vögguvísu eftir Brahms, *Wiegenlied*. Sífónía nr. 2 boðar enga byltingu í formi, enda tónskáldið fremur íhaldssamt í þeim efnunum, en meðferð tónefnisins innan hins fasta forms þykir meistaraleg af hálfu Brahms. Þarna eru ríkulegir hljómar, hugvitsöm úrvinnsla stefja og fjölbreytt notkun hryns, sem gerir tónsmíðina spennandi og áheyrilega. Ljós og myrkur einkenna verkið, jafnt ljóðræn sem kröftug tilþrif, innhverf stemning í bland við tónlist sem opnar allar gáttir – kannski er það náttúran sjálf sem sýnir sig í góðri tónlist á borð við sífóníu nr. 2 eftir Brahms!

Sigríður Stephensen

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

26. OKTÓBER 2017

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Vera Panitch
Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Bryndís Pálsdóttir
Pálína Árnadóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Zbigniew Dubik
Ágústa María Jónsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Andrzej Kleina
Olga Björk Ólafsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Lin Wei
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Rocco Malagoli
Greta Guðnadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Roland Hartwell
Dóra Björgvinsdóttir
Kristján Matthíasson
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Christian Diethard

VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Daniel Schmitt
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Kathryn Harrison
Ásdís Hildur Runólfssdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Júlía Mogensen
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sigurveinsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson

BASSI

Thomas Martin
Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfriður Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Martin Danek
Daniel Bogorad

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Helga Björg Arnardóttir

FAGOTT

Michael Kaulartz
Eugénie Ricard

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Baldvin Oddsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Benjamin Ordaz

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Frank Aarnink

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarssdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Mæðginin Ágústa María Jónsdóttir og Stefán Jón Bernharðsson eru hluti af mikilvægri heild.



Stefán Jón: Ég var auðvitað *alveg grænn* fyrst þegar ég byrjaði í sveitinni fyrir fimmtán árum síðan.

Ágústa: Já, en þetta vandist fljótt og ætli þetta hafi ekki snúist við í dag, þú alir mig upp. Það er allavega **stuðningur** í því að vinna með fjölskyldumeðlimum.

Sagt er að ákveðnar manngerðir leiki á viss hljóðfæri, eða skyldu hljóðfærin á einhvern hátt hafa mótandi áhrif á manneskjurnar?

Að sitja inni í miðri hljómsveit þegar allt er komið á fulla ferð er merkileg upplifun sem Ágústa María Jónsdóttir þekkir vel. Hún kom til starfa í

Sinfóníuhljómsveit Íslands undir lok áttunda áratugarins. Tónlistarnámið stundaði hún hér heima og í sjálfri háborg tónlistarinnar, Vín í Austurríki, þar sem menn á borð við Mozart og Beethoven sömdu verk sín forðum daga. Þó að fiðlan sé í öndvegi í símfónískum tónverkum eru hornin

engu að síður meðal glæsilegustu hljóðfæra símfóníuhljómsveitar og einn tónlistarmannanna sem blæs í þau er Stefán Jón, sonur Ágústu.

Það er gott að vita að í hljómsveitinni komi kynslóðirnar saman með eitt markmið – að þjóna tónlistargyðjunni.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is